



Val 8.-10. bekkur

Myndlist

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Að nemandi geti:</p> <p>Valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla.</p> <p>Greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni.</p> <p>Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið.</p> <p>Sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsinga- öflun, tilraunir og samtal.</p> <p>Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta.</p> <p>Notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati, gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu.</p> <p>Greint, borið saman og lýst ýmsum</p>	<p>Kynningar á ýmsum aðferðum, tækni og verkefnum.</p> <p>Lögð áherslu á framsögn og kynningu á margskonar verkefnum á fjölbreyttan hátt.</p> <p>Innlagnir og kynningar á ýmsum þáttum myndlistar.</p> <p>Farið á söfn og í leikhús, horft á kvikmyndir og rýnt í þær.</p> <p>Þjóða listamönnum í heimsókn.</p> <p>Innlegg um listasögu og hugmyndir og aðstæður listamanna.</p> <p>Rýnt í myndir, auglýsingar og kvikmyndir um hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á fólk.</p>	<p>Þjálfá mismunandi aðferðir, tækni og verkefni.</p> <p>Þjálfun í að tjá sig og rökstyðja verkin sín.</p> <p>Tækifæri og tími gefin í útskýringar, samtal og tilraunir.</p> <p>Vinna mismunandi verk og upplífa mismunandi verk.</p> <p>Vinna að hópverkefni og kynningu.</p>	<p>Frammistöðumat þar sem merkt er við í lok hvernar kennslustundar hvernig nemandi hefur staðið sig. Þættir sem metnir eru: virkni, verkfærni og umgengni.</p> <p>Hæfniviðmiðaömat þar sem merkt er við hversu vel nemandi nær tókum á tækni greinarinnar.</p> <p>Gefin er umsögn í lok tímabils.</p>



<p>stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem hann er sprottinn úr.</p> <p>Greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina.</p> <p>Túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu, nærumhverfi, samtímann, siðfræði og fagurfræði.</p> <p>Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi.</p> <p>Greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif</p>			
--	--	--	--